



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga að brottfalli ákvæða úr reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík

Á fundi velferðarráðs 5. febrúar sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga um brottfall ákvæða úr reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík:

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu um brottfall ákvæða úr reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 30. maí 2012 og á fundi borgarráðs þann 7. júní 2012, með áorðnum breytingum.
Greinargerð fylgir tillögu.

Tillagan er hér með send borgarráði til afgreiðslu.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglna í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst

Regina Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu:

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu um brottfall ákvæða úr reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 30. maí 2012 og á fundi borgarráðs þann 7. júní 2012, með áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Samhliða tillögu þessari er lögð fram tillaga um samþykkt nýrra reglna er varða stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Í þeim reglum er að hluta til fjallað um sömu þjónustu og fjallað er um í núgildandi reglum um stuðningsþjónustu, þ.e. stuðningsfjölskyldur og stuðning sem jafna má til persónulegrar ráðgjafar og tilsjónar. Því er nauðsynlegt að fella á brott þau ákvæði í núgildandi reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík er varða framangreind atriði. Ef tillaga um reglur Reykjavíkurborgar um stuðning við börn og fjölskyldur verður samþykkt munu reglurnar taka gildi þann 1. mars 2020. Lagt er til að framangreind ákvæði, sem fram koma í fylgiskjali með tillögu þessari, falli brott frá gildistöku nýrra reglna, þ.e. frá 1. mars 2020.

Fylgiskjöl:

1. Reglur um stuðningsþjónustu með tillögum að brottfalli ákvæða.

Þau ákvæði sem falla eiga á brott eru yfirstikuð og rauðletruð.

Reglur um stuðningsþjónustu í Reykjavík

I. kafli

Lagagrundvöllur, skilgreining, markmið og megináherslur

1. gr.

Lagagrundvöllur

Með stuðningsþjónustu í reglum þessum er átt við eftirfarandi þjónustubætti:

- ~~Persónuleg ráðgjöf veitt á grundvelli d. liðar 24. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sbr. og 11. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.~~
- ~~Tilsjón veitt á grundvelli d. liðar 24. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sbr. og 11. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991~~
- Liðveisla veitt á grundvelli 24. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum.
- Frekari liðveisla veitt á grundvelli 25. gr. málefna fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum.
- ~~Stuðningsfjölskyldur veittar á grundvelli 21. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og á grundvelli d. liðar 24. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, 85. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, 26. gr. reglugerðar nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga sbr. og 11. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.~~

2. gr.

Markmið

Markmið stuðningsþjónustu er að veita aðstoð við notendur sem þurfa sakir fötlunar eða aðstæðna sinna á auknum stuðningi að halda umfram grunnþjónustu. Stuðningsþjónusta er aðstoð við athafnir daglegs lífs og/eða félagslegur stuðningur til þess að rjúfa félagslega einangrun.

3. gr.

Réttur til stuðningsþjónustu

Forsenda fyrir því að geta sótt um stuðningsþjónustu er að umsækjandi búi í sjálfstæðri búsetu og eigi lögheimili í Reykjavík að fullnægðum frekari skilyrðum sem fram koma í 5. og 7. gr. Sjálfstæð búseta samkvæmt reglum þessum felur ekki í sér sértæk húsnæðisúrræði s.s. í búsetukjarna og sértæk húsnæðisúrræði með sameiginlegu rými, þar sem stuðningsþjónusta

skal veitt af þjónustuaðila slíkra úrræða. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á stuðningsþjónustu.¹⁾

Óski notandi sértæks húsnæðisúrræðis þess að liðveisla sé framkvæmd af öðrum starfsmanni en veitir reglulega þjónustu innan húsnæðisúrræðisins, þá komi framkvæmdaraðili til móts við óskir notenda eftir því sem kostur er.¹⁾

~~Að jafnaði er stuðningsþjónusta ekki veitt börnum yngri en 6 ára nema um sé að ræða þjónustu stuðningsfjölskyldu.~~

Hafi einstaklingar, sem orðinn er 67 ára og telst fatlaður í skilningi laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, fengið stuðningsþjónustu áður en hann náði þeim aldri getur hann átt rétt á þjónustu áfram að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglum þessum.¹⁾

Einstaklingur sem náð hefur 67 ára aldri og sækir um þjónustu samkvæmt reglum þessum getur átt rétt á stuðningsþjónustu ef sýnt þykir að fötlun hans stafi ekki af aldurstengdri skerðingu.¹⁾

1) Breyting tók gildi þann 12. desember 2016.

4. gr.

Skilgreining og megináherslur stuðningsþjónustu

Þjónusta og aðstoð samkvæmt þessum reglum nefnist stuðningsþjónusta og er framkvæmd hennar byggð á mati á þjónustubörf umsækjanda sbr. 6. gr.

Í stuðningsþjónustu felst:

- ~~• Persónuleg ráðgjöf: Félagslegur stuðningur vegna samfélagsþátttöku út frá forsendum og markmiðum hvers og eins.~~
- ~~• Tilsjón: Aðstoð/leiðsögn til foreldra/forsjáraðila við uppeldi og aðbúnað barna.~~
- Liðveisla: Félagslegur stuðningur vegna samfélagsþátttöku út frá forsendum og markmiðum hvers og eins.
- Frekari liðveisla: Aðstoð vegna aukinna þjónustubarfa sakir fötlunar.
- ~~• Stuðningsfjölskylda: Móttaka barns eða barna til dvalar á heimili stuðningsfjölskyldu með það að markmiði að styðja foreldra í forsjárhlutverki, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet hlutaðeigandi barns eftir því sem við á.~~

Þjónustumat er tímabundið. Þjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 ~~og barnaverndarlögum nr. 80/2002~~ er aðstæðu- og tímabundin þjónusta og því veitt til skemmri tíma. Þjónusta samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 getur verið til lengri tíma.

Nánar skal útfært í þjónustusamningi á hvern hátt framangreindum áherslum verði náð, sbr. 10. gr. reglna þessara.

II. kafli

Umsóknarferli

5. gr.

Umsókn og fylgigögn

Umsókn um stuðningsþjónustu er unnt að leggja fram á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar eða á heimasíðu Reykjavíkurborgar (rafræn Reykjavík). Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til þess að sækja um fyrir sína hönd.

Ef umsókn um þjónustu er byggð á lögum um málefni fatlaðs fólks, s.s. varðandi frekari liðveislu, ~~og stuðningsfjölskyldur fatlaðra barna,~~ skal gilt örorkumat og sjúkdómsgreining/fötlnargreining fylgja umsókn.

6. gr.

Mat á þjónustupörf

Þjónustuparfir allra umsækjenda skulu vera metnar út frá matstæki óháð því hvaða þjónustu eða aðstoð umsækjandi óskar eftir, sjá fylgiskjal 1 með reglum þessum. Mat á þjónustupörf skal vera unnið í samvinnu við umsækjanda enda sé mat á þjónustu skilgreint sem upphaf að skilvirku notendasamráði. Við mat á þjónustupörf eru fjórir eftirfarandi meginþættir metnir sem hafa áhrif á athafnir daglegs lífs:

- a) færni og styrkleikar umsækjanda og þær afleiðingar sem skerðing kann að hafa á getu umsækjanda í athöfnum daglegs lífs
- b) styrkleiki og aðgengi að stuðningi frá fjölskyldu eða öðrum aðilum samfélagsins.
- c) félagslegar aðstæður; horft er til þess félagslega öryggis sem umsækjandi býr við.
- d) samfélagsþátttaka og virkni umsækjanda.

Í öllum þáttum matsins er að finna stigagjöf sem felur í sér hversu mikla þörf viðkomandi hefur fyrir þjónustu eða aðstoð. Stigagjöf allra þátta gefur til kynna hvort umsækjandi uppfylli viðmið um að fá þjónustu sbr.7.gr. og hvort þjónustupörf er metin lítil, meðal, mikil eða mjög mikil sbr. 8 gr. Eftir atvikum getur mat farið fram á heimili umsækjanda.

Í kjölfar mats er umsækjanda sent skriflegt svar um niðurstöður mats og rétt hans til þess að bera ákvörðun undir velferðarráð Reykjavíkurborgar.

7. gr.

Lágmarksskilyrði

Aðstæður umsækjanda eru metnar á grundvelli matskerfis með reglum þessum, sjá fylgiskjal 1 með reglum þessum. Til þess að umsækjandi eigi rétt á stuðningsþjónustu þurfa eftirfarandi lágmarksskilyrði að vera uppfyllt:

- ~~Umsóknir um persónulega ráðgjöf: Niðurstaða mats er sú að umsækjandi hafi a.m.k. 4 stig vegna félagslegrar færni og 4 stig um samfélagsþátttöku og virkni.~~

- ~~• Umsóknir um tilsjón: Niðurstaða mats er sú að umsækjandi hafi a.m.k. 4 stig vegna félagslegra aðstæðna.~~
- Umsóknir um liðveislu: Niðurstaða mats er sú að umsækjandi hafi a.m.k. 4 stig vegna félagslegrar færni og 4 stig vegna samfélagsþátttöku og virkni.
- Umsóknir um frekari liðveislu: Niðurstaða mats er sú að umsækjandi hafi a.m.k. 4 stig vegna færni.
- ~~• Umsóknir um stuðningsfjölskyldur samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992: Niðurstaða mats er sú að umsækjandi hafi a.m.k. 4 stig vegna færni.~~
- ~~• Umsóknir um stuðningsfjölskyldur samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002: Niðurstaða mats er sú að umsækjandi hafi a.m.k. 4 stig vegna félagslegra aðstæðna.~~

8. gr.

Umfang þjónustu

Umfang veittrar stuðningsþjónustu fer eftir mati á þjónustu eða aðstoð sbr. matstæki á fylgiskjali nr. 1 með reglum þessum. Þjónustubörf er skilgreind sem lítil, meðal, mikil eða mjög mikil. Um er að ræða eftirfarandi hámarkstíma hvað varðar mismunandi þjónustubætti:

- ~~• Hámark persónulegrar ráðgjafar er 30 klst. á mánuði.~~
- ~~• Hámark tilsjóunar er 30 klst. á mánuði.~~
- Hámark liðveislu er 30 klst. á mánuði.
- Hámark frekari liðveislu er 110 klst. á mánuði.
- ~~• Hámark aðstoðar er varðar stuðningsfjölskyldu samkvæmt 24. gr. og 85. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er 7 sólarhringar á mánuði.~~
- ~~• Hámark aðstoðar er varðar stuðningsfjölskyldu samkvæmt 21. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 er 5 sólarhringar á mánuði.~~

III. kafli

Forgangsröðun, þjónustusamningar og endurmat

9.gr.

Forgangsröðun umsókna

Forgangsröðun umsókna byggist á stigagjöf matstækis varðandi það hvort þjónustubörf sé lítil, meðal, mikil eða mjög mikil. Þegar þjónustubörf hefur verið metin er umsækjanda gerð grein skriflega fyrir niðurstöðunum sem og ábyrgðar- og framkvæmdaðila þjónustunnar.

Lögð er áhersla á að meðan á biðtíma stendur sé ætíð unnið að því að leita annarra leiða í þjónustu í samráði við hlutaðeigandi og veita ráðgjöf þar að lútandi.

10.gr.

Þjónustusamningar

Áður en þjónusta og aðstoð hefst skal gengið frá þjónustusamningi. Í þjónustusamningi skal að lágmarki koma fram tilgangur með stuðningi, hvernig settum markmiðum skuli náð, tímaföldi, gildistími samnings og hvernig aðstoðin skuli veitt. Í þjónustusamningi er samið um hversu

miklum fjármunum notendur/aðstandendur eru tilbúnir til þess að verja í útlagðan kostnað á samningstímabilinu. Fara skal eftir gildandi reglum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um útlagðan kostnað í þessu samhengi, sbr. fylgiskjal nr. 2 með reglum þessum.

- Gera skal samkomulag um félagslega ráðgjöf ef samhliða stuðningsúrræði á sér stað umfangsmikil stuðningsvinna/ráðgjöf við notanda.
- Að öllu jöfnu eru þjónustusamningar gerðir til 6 mánaða. Ef þörf er talin á áframhaldandi stuðningi skal gert samkomulag um félagslega ráðgjöf og er þá hægt að framlengja þjónustusamning um sex mánuði liggi fyrir endurnýjað mat á þjónustubörf.
- Unnið skal markvisst að því á tímabilinu að tengja viðkomandi notanda öðrum úrræðum og fullnægja þannig þörf hans fyrir stuðning.

Heimilt er að gera þjónustusamning til 18 mánaða, liggi fyrir að aðstæður einstaklings séu óbreyttar.

11.gr.

Endurmat / breyting á þörf fyrir þjónustu

Að öllu jöfnu skal samþykkt aðstoð ekki gilda lengur en í 6 mánuði. Heimilt er að gera 18 mánaða samning um þjónustu sbr. 10. gr. Ef umsækjandi óskar eftir áframhaldandi þjónustu skal hann sækja um hana að nýju. Ætíð skal endurmeta þjónustubörf viðkomandi. Notandi/forsjáraðili/persónulegur talsmaður ber ábyrgð á að fylgjast með gildistíma samnings. Notandi skal sækja um að nýju 4 vikum áður en samningur er útrunninn.

IV. kafli

Framkvæmd stuðningsþjónustu

12. gr.

Samþætt og heildstæð þjónusta

Unnið skal að því að notandi þjónustunnar fái heildstæða og samþætta þjónustu eða aðstoð. Í þeim tilvikum þar sem notandi er með heimabjónustu en þarfnast auk þess stuðningsþjónustu skal unnið að því að framkvæmdaaðili heimabjónustu veiti stuðningsþjónustu, sé þess kostur. Í ákveðnum tilvikum þar sem krafist er sérhæfðrar þjónustu sakir fötlunar, t.d. vegna geðfötlunar eða þroskafrávika, er unnt að sækja um samþætta þjónustu frá sérhæfðum þjónustueiningum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, s.s. frá búsetukjörnum fyrir geðfatlaða og heimilum fyrir fólk með fötlun. Höfð skal samvinna við notenda við val á framkvæmdaaðila.

13. gr.

Hópastarf

Sé það kostur fyrir notendur getur þjónustuaðili veitt stuðningsþjónustu í formi hópastarfs. Hópastarf er byggt á þörf notenda fyrir persónulega ráðgjöf eða liðveislu. Markmið með hópastarfi í stuðningsþjónustu er að efla félagsfærni og samfélagsþátttöku þeirra sem mynda hópinn. Áhersla er lögð á athafnir sem krefjast samskipta, að kenna þátttakendum að vera í

hópi, að mynda vinatengsl og vinna saman á jafnréttisgrundvelli. Hópastarf í stuðningsþjónustu er liður í að efla einstaklinga til aukinnar félagslegrar færni og aukinnar sjálfshjálpar. Þegar hópastarf er valið skal vera skýrt hvert markmiðið er og kostir þess umfram einstaklingsþjónustu. Fjöldi í hópastarfi þarf að taka mið af þörfum þátttakenda og meta skal styrkleika hvers og eins út frá andlegu og líkamlegu ástandi. Ákvörðun um fjölda starfsmanna í hópi miðast við þarfir þátttakenda. Í stuðningsþjónustu telst það vera hópur ef meðlimir eru tveir til átta í hverjum hópi.

14. gr.

Þagnarskylda og siðareglur

Starfsmönnum ber að gæta trúnaðar í samskiptum við notendur og gæta þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu, sbr. lög og reglur þar að lútandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum. Fara ber með allar upplýsingar sem viðkomandi starfsmaður fær í starfi sínu og varða persónulega hagi notenda sem trúnaðarmál. Starfsmönnum er óheimilt að þiggja gjafir, fríðindi, eða önnur hlunnindi frá notendum eða aðstandendum þeirra, nema innan eðlilegra marka. Hafa skal samráð við yfirmann ef vafi leikur á um hvort starfsmanni sé heimilt að þiggja gjöf eða önnur fríðindi. Hafa ber til hliðsjónar starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar í slíkum tilfellum.

Í störfum sínum ber starfsmönnum að fylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarráði þann 16. maí 2006 og siðareglum starfsmanna Reykjavíkurborgar sem samþykktar voru í borgarráði þann 22. október 2009.

V. kafli

Kostnaður, ferðir, lyklar og fjármunir

15.gr.

Kostnaður

Notendum ber að greiða fyrir sig allan þann kostnað sem hlýst af stuðningsþjónustu vegna frístundastarfs. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar endurgreiðir starfsmanni útlagðan kostnað samkvæmt reglum sviðsins um útlagðan kostnað, sbr. fylgiskjal nr. 2 með reglum þessum.

16. gr.

Ferðir

Miðað er við að starfsmenn noti almenningsvagna. Ef við á getur starfsmaður notað eigin bifreið með skriflegu samþykki notenda ~~eða foreldra/forsjáraðila þegar börn eiga í hlut~~. Skal slíkt tilgreint í þjónustusamningi.

Starfsmönnum er óheimilt að aka bifreiðum notenda.

17. gr.

Lyklar notenda

Starfsmönnum er óheimilt að geyma lykla að íbúðum notenda. Ef aðstæður knýja á um að starfsmaður hafi lykil skal lykill geymdur á þjónustumiðstöð og um það gerður skriflegur samningur.

18. gr.

Fjármunir notenda

Starfsmönnum stuðningsþjónustu er óheimilt að fara með fjármuni notenda.

Upplýsa skal notanda um rétt hans til að velja sér persónulegan talsmann á grundvelli laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

VI. kafli

Málsmeðferð

sbr. ákvæði XVI og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og II. kafla laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum

19. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann/persónulegan talsmann. Framvísa skal skriflegu umboði.

20. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

21. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn þjónustumiðstöðva taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

22. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar sem starfsmenn hafa umboð til að taka ákvörðun á grundvelli þessara reglna skulu þeir

kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að velferðarráð Reykjavíkurborgar fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til velferðarráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Nefndin skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun nefndarinnar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

23. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. september 2012.

Fylgiskjöl með reglum þessum eru eftirfarandi:

Fylgiskjal nr. 1: Mat á þjónustubörf vegna stuðningsþjónustu.

Fylgiskjal nr. 2: Viðmið um greiðslur vegna útlagðs kostnaðar til stuðningsaðila vegna stuðningsþjónustu. (Samþykkt í félagsmálaráði 28. apríl 2004 og í borgaráði 4. maí 2004).

Fylgiskjal nr. 1

Mat á þjónustuþörf vegna stuðningsþjónustu

A. Færni til athafna daglegs lífs

a. Félagsleg færni

- 0 stig Færni er metin góð. Hefur m.a. færni til þess að mynda tengsl við aðra og sækja félagsstarf. Þörf fyrir þjónustu er engin.
- 1 stig Færni er metin sæmileg. Hefur minniháttar skerta færni til þess að mynda tengsl við aðra og sækja félagsstarf. Þörf fyrir þjónustu er metin lítil.
- 4 stig Færni er metin ábótavant. Hefur skerta færni til þess að mynda tengsl við aðra og sækja félagsstarf. Þörf fyrir þjónustu er metin meðal mikil.
- 6 stig Færni er metin slæm. Hefur mikla skerðingu í færni til þess að mynda tengsl og getur ekki sótt félagsstarf án stuðnings. Þörf fyrir þjónustu er metin mikil.
- 8 stig Færni er metin verulega slæm. Getur ekki myndað félagsleg tengsl við aðra nema að mjög takmörkuðu leiti. Er háður stuðningi vegna athafna daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mjög mikil.

b. Hreyfi – og líkamleg færni

- 0 stig Færni er metin góð. Hefur óskerta hreyfi og líkamlega færni. Þörf fyrir þjónustu er engin.
- 1 stig Færni er metin sæmileg. Hefur minniháttar skerta færni en háir ekki athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin lítil.
- 4 stig Færni er metin ábótavant. Hefur skerta færni sem háir ákveðnum athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin sem meðal mikil (minni háttar stuðningur).
- 6 stig Færni er metin slæm. Hefur mikla skerðingu í færni og getur ekki framkvæmt athafnir daglegs lífs án stuðnings. Þörf fyrir þjónustu er metin mikil.
- 8 stig Færni er metin verulega slæm. Hefur mjög mikla skerðingu í færni og er háður stuðningi vegna athafna daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mjög mikil.

c. Vitsmunaleg- og andleg færni

- 0 stig Færni er metin góð. Hefur óskerta vitsmunalega og/eða andlega færni. Þörf fyrir þjónustu er engin.
- 1 stig Færni er metin sæmileg. Hefur minniháttar skerta færni en háir ekki athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin lítil.
- 4 stig Færni er metin ábótavant. Hefur skerta færni sem háir ákveðnum athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin sem meðal mikil (minni háttar stuðningur).
- 6 stig Færni er metin slæm. Hefur mikla skerðingu í færni og getur ekki framkvæmt athafnir daglegs lífs án stuðnings. Þörf fyrir þjónustu er metin mikil.

8 stig Færni er metin verulega slæm. Hefur mjög mikla skerðingu í færni og er háður stuðningi vegna athafna daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mjög mikil.

B. Stuðningur frá fjölskyldu eða öðrum aðilum samfélagsins (Fjölskyldunet – stuðningsnet)

0 stig Stuðningur er metinn góður. Hefur stuðning bæði frá fjölskyldu og öðrum aðilum samfélagsins. Þörf fyrir þjónustu er engin.

1 stig Stuðningur er metinn sæmilegur. Hefur minniháttar stuðning frá fjölskyldu og/eða öðrum aðilum samfélagsins, en háir ekki athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin lítil.

4 stig Stuðningur er metinn sem ábótavant. Skortir stuðning frá fjölskyldu og/eða öðrum aðilum samfélagsins sem háir ákveðnum athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin sem meðal mikil (minni háttar stuðningur).

6 stig Stuðningur er metinn slæmur. Skortir mikið stuðning frá fjölskyldu og/eða öðrum aðilum samfélagsins sem háir athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mikil.

8 stig Stuðningur er metinn verulega slæmur. Skortir mjög mikið stuðning frá fjölskyldu og/eða öðrum aðilum samfélagsins sem háir verulega athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mjög mikil.

C. Félagslegar aðstæður

0 stig Aðstæður eru metnar góðar. Býr við félagslegt öryggi. Þörf fyrir þjónustu er engin.

1 stig Aðstæður eru metnar sæmilegar. Býr við minniháttar óöryggi, en háir ekki athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin lítil.

4 stig Aðstæður eru metnar sem ábótavant. Býr við óöryggi, sem háir ákveðnum athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin sem meðal mikil (minni háttar stuðningur).

6 stig Aðstæður er metnar slæmar. Býr við mikið óöryggi sem háir athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mikil.

8 stig Aðstæður er metnar verulega slæmur. Býr við mjög mikið óöryggi sem háir verulega athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mjög mikil.

D. Samfélagsþátttaka og virkni

0 stig Þátttaka og virkni er metin góð. Þörf fyrir þjónustu er engin.

1 stig Þátttaka og virkni er metin sæmileg, en háir ekki athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin lítil.

4 stig Þátttaka og virkni er metin sem ábótavant og háir einstaklingi í ákveðnum athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin sem meðal mikil (minni háttar stuðningur).

6 stig Þátttaka og virkni er metin slæm og háir einstaklingi í athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mikil.

8 stig Þátttaka og virkni er metin verulega slæm og háir verulega athöfnum daglegs lífs. Þörf fyrir þjónustu er metin mjög mikil.

Samþykkt í félagsmálaráði 28. apríl 2004 og í borgaráði 4. maí 2004.
Með breytingum samþykktum í velferðarráði 24. okt. 2007 og í borgarráði 5. nóvember 2007.

Fylgiskjal nr. 2

Greiðslur vegna útlagðs kostnaðar til stuðningsaðila vegna stuðningsþjónustu

Velferðarsvið greiðir stuðningsaðila útlagðan kostnað hans samkvæmt eftirfarandi ákvæði.

Við gerð þjónustusamnings samkvæmt 8. gr. reglna um stuðningsþjónustu skal m.a. skilgreint markmið með þjónustunni, hvernig markmiðum skal náð og útlagðan kostnað vegna þeirra. Útlagður kostnaður stuðningsaðila og notenda skal tengdur þeim markmiðum sem sett eru hverju sinni og í samræmi við vilja forráða-/lögráðamanna þegar við á. Í þjónustusamningi er jafnframt gert samkomulag um þá upphæð sem miðað er við á mánaðargrunni. Útlagður kostnaður fyrir stuðningsaðila getur aldrei orðið meiri en kr. 3.900 pr. mánuð.¹⁾

¹⁾ Gildistaka 1. janúar 2008.

